

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Árnæssýslu austan vatna.

I. KAFLI

Um afrétti og heimildir fyrir notkun þeirra.

1. gr.

Gildissvið.

Fjallskilasamykkt þessi tekur til allra afrétta- og fjallskilamála í Árnæssýslu austan vatna, þ.e. allra sveitarfélaga austan Ölfusár, Sogs, Þingvallavatns, Þjóðgarðsgirðingar og varnarlínu þaðan í Hvalfjörð. Þar með eru taldir þeir bæir í Þingvallasveit er liggja austan Þingvallavatns.

2. gr.

Um afrétti.

Þeir eiga afrétti sem að fornu hafa átt. Er hér fyrst nefndur sá hluti afréttar Þingvallahrepps sem liggur austan Þingvallavatns, Þjóðgarðsins og sauðfjárvarnagirðingar sem liggur í Þórisjökul við Hróðurkarla. Afréttur Grímsneshrepps afmarkast af Hrafnabjörgum, Hlíðargjá og Gatfelli í Hróðurkarla sem vesturmörk, en að austan ráða Skefilfjöll í Sköflung um Langafell í Klakk í Langjökli. Afréttur Laugardalshrepps afmarkast af Skefilfjöllum í Klakk að vestan og að austan frá Brúarárskörðum um eldborgir í Hagafell í Langjökli. Afréttur Biskupstungnahrepps úr Brúarárskörðum að vestan um Eldborgir í Hagafell um Langjökul og síðan að norðan svo langt sem vötn ráða, en að austan úr Hofsjökli um Jökulfall og Hvítá. Afréttur Hrunamannahrepps er að vestan milli Jökulfalls og Hvítár í Hofsjökul og úr jöklinum bein lína um Eystra-Rjúpnafell í Laxárdrög og ræður svo Stóra-Laxá austurmörkum. Afréttur Flóa- og Skeiðamanna afmarkast að vestan af áðurnefndri línu milli hans og Hrunamannaafréttar, en að austan ræður Fossá og síðan drög hennar og lína um Örefahnjúk og Flóamannaöldu í hæstu gnípu Arnarfells. Afréttur Gnúpverja afmarkast að vestan af sömu línu, en af Þjórsá að austan. Að öðru leyti fara mörk afréttanna eftir landamerkjaskrá og fornri venju. Austasti hluti af afrétti Flóa- og Skeiðamanna er sérstaklega nefndur Skeiðamannaafréttur.

3. gr.

Um ágang af fé sem heima er á sumri.

Eigendum búfjár er skylt að gæta þess að það gangi ekki öðrum til tjóns og hafa það í tryggum girðingum. Nú verður eigandi eða ábúandi jarðar fyrir ágangi af fé sem heima er á sumri og fer inn á afgirt svæði, og getur hann þá snúið sér til hreppsnefndar með umkvörtun, en hún aðvarar hlutaðeiganda. Sinni eigandi ekki slíkri viðvörðun, getur hreppsnefnd látið reka féð á afrétt eða heim til hans. Kostnað af slíkum upprekstri má innheimta hjá eiganda á sama hátt og fjallskil og er eindagi sá sami.

4. gr.

Um upprekstrarbann.

Nautpening og hross er óheimilt að reka til afréttar, nema til komi samþykki hlutað-eigandi hreppsnefndar og/eða stjórnar afréttarmálafélags. Enginn má reka sauðfé annarra manna inn fyrir afréttargirðingu án leyfis eiganda, nema alrúð sé og markað.

5. gr.

Um gróðurvernd, uppgræðslu og ítölu á afrétti.

Hreppsnefndir og/eða stjórn afréttarmálafélags hafa í samvinnu við Landgræðslu ríkisins og gróðurverndarnefnd sýslunnar eftirlit með notkun afréttar og beitarþoli. Eftirlitið skal við það miðað að land sé nytjað, svo að eigi valdi rýrnun eða eyðingu landkosta og að landspjöll séu ekki unnin að óþörfu.

Nú telur landgræðslustjóri þörf á að láta fara fram rannsókn á beitarþoli afréttar og hún leiðir í ljós að hætta sé á gróðurrýrnun eða eyðingu lands sökum ofbeitar eða náttúruhamfara og skal þá hreppsnefnd og/eða stjórn afréttarmálafélags leita samkomulags við landeigendur um úrbætur. Náist ekki samkomulag er skylt að krefjast ítölu í löndin samkvæmt lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Heimilt er hreppsnefnd og/eða stjórn afréttarmálafélags að leggja fram fé til að græða upp eydd og vangróin lönd og til að bæta gróið land. Einnig skal leita álitsgjörðar landgræðslustjóra um að þess sé þörf og fyrirheit gefin um fjárframlög frá Landgræðslu ríkisins.

Telji hreppsnefnd og/eða stjórn afréttarmálafélags að afréttir þeirra verði fyrir ágangi sauðfjár af nærliggjandi afréttarlandi er þeim rétt að óska eftir rannsókn Landgræðslu ríkisins á tjóninu. Nú næst ekki samkomulag um bætur og á þá tjónþoli rétt á að sýslumaður skipi nefnd þriggja óvilhallra manna til að skera úr málinu.

6. gr.

Um yrkingu afréttar og hlunnindi.

Réttur landeiganda til að nota afréttarland sitt nær aðeins til beitar að sumrinu, en til annarra nytja afréttar og til að ljá öðrum ítölu sína þarf leyfi hreppsnefndar og/eða stjórnar afréttarmálafélags.

Hreppsnefnd og/eða stjórn afréttarmálafélags sjá um að hlunnindi á afrétti, svo sem veiði, námur og jarðhiti, séu nýtt að eðlilegum hætti, enda gangi leigan sem greidd er fyrir notin í viðkomandi fjallskilasjóð eða sveitarsjóð.

II. KAFLI

Um upprekstra til afrétta.

7. gr.

Um rekstrartíma.

Eigi má reka fé á afrétt fyrir en hreppsnefndir og/eða stjórn afréttarmálafélags leyfa.

8. gr.

Um reksturinn.

Reka skal hægt og gætilega og æja svo oft sem þörf gerist. Eigi má að óþörfu reka yfir engjar og aldrei æja í slægjulöndum. Eigi má skilja fé eftir í heimalöndum sem um er farið, nema brýn þörf sé til sökum þess að fé sýkist á leiðinni, en þá skal látið vita um það og beðið fyrir það á næstu bæjum. Eigi má heldur hleypa óviðkomandi fé saman við rekstra. Fari fé saman við reksturinn og rekstrarmenn geti ekki skilið það frá, skal leita aðstoðar af næstu bæjum, ef í byggð er, og er öllum skylt að veita rekstrarmönnum slíkt

lið ókeypis ef unnt er. Hreppsnefndum ber, hverri í sinni sveit, að greiða fyrir rekstrum haust og vor með útvegum áningarstaða og rekstrarleiða.

9. gr.

Um eftirskilið fé í heimalöndum.

Ef rekstrarmenn eða þeir sem flytja fé á bílum eða vögnum skilja fé eftir af rekstrinum í heimalöndum án ráðstöfunar, taka hlutaðeigandi bændur það til gæslu og tilkynna það jafnframt hreppsnefnd sinni. Ráðstafar hún þá fénu. Rétt er að hún láti reka féð á réttan afrétt á kostnað þeirra er féð skildu eftir, ef það hefur verið skilið eftir að nauðsynjalausu. Liggur sá reikningur undir úrskurð sýslumanns og heimtar hann endurgjaldið af hlutaðeigendum, svo og ákveður sekt ef þurfa þykir.

III. KAFLI

Um fjallskil.

10. gr.

Um skyldur til fjallskila.

- a. Allir sem jörð hafa til ábúðar eða umráða, og allir sem hafa sauðfé undir höndum, eru skyldir til að inna af höndum fjallskil eftir fyrir mælum sveitarstjórnar.
- b. Hreppsnefnd eða stjórn afréttarmálafélags reiknar út fjallskilakostnaðinn ár hvert með því að leggja í dagsverk og/eða meta til verðs vinnu þá sem þarf til smölunar afréttar og annan kostnað, fjallskilum tilheyrandi, sem hún telur nauðsynlegan. Fjallskilaseðill skal sendur út með dreifibréfi á öll lögbýli sveitar fyrir fjallferð eða kynntur gjaldþegum í tæka tíð á einhvern sannanlegan hátt.
- c. Hreppsnefndaroddvitar skulu hafa tilbúnar skýrslur ár hvert, þar sem skráð er landverð allra jarðeigna í hreppnum eftir gildandi fasteignamati, að frádregnum hlunnindum og ræktun, ásamt tölu vetrarfóðraðs sauðfjár samkvæmt upplýsingum búfjäreftirlitsmanns.

Oddvitar í afréttarmálafélagi Skeiða- og Flóahreppa skulu einnig leggja fram á aðalfundi félagsins skýrslu um tölu vetrarfóðraðs fjár, ásamt vottorði hreppsnefndar um tölu þess fjár sem hver einstakur bóndi hefur, öðrum að meinalausu, í heimahögum.

- d. Af heildarfjallskilakostnaði skal a.m.k. 1/3 lagður á landverð jarða, sbr. c-lið, er greiðist af ábúanda eða umráðanda sé um eyðijörð að ræða. Allt að 2/3 fjallskilakostnaðarins skal jafnað niður á fjallskilaskyldan búpening, sem er allt vetrarfóðrað sauðfé.

Ef hreppsnefnd telur sannað að sauðfjäreigandi reki ekki fé á afrétt, má hún undanþiggja fé hans fjallskilum allt að 1/3 á fjallskilaskyldan búpening. Bundið skal það þeim skilyrðum að féð valdi ekki öðrum jarðeigendum tjóni.

- e. Hver sá sem fjallskilaskyldur er samkvæmt d-lið er skyldur til að taka þátt í fjallskilum eftir því og á þann hátt sem hreppsnefnd skipar fyrir um, hvort sem um fjallferðir, vinnuframlög eða peningagreiðslur er að ræða. Er hver húsráðandi skyldur til að inna fjallskil af hendi fyrir heimamenn. En heimilt er honum að bera upp við hreppsnefndina aðfinningar um hvernig fjallskilum er jafnað niður á aðra eða sjálfan hann, eða einhverjum hafi ranglega verið sleppt. Skal slík kæra koma bréflaga til oddvita innan fjögurra vikna frá fjallskilafundi. Sveitarstjórn leggur síðan úrskurð á kærana. Úrskurði sveitarstjórnar um fjallskilakærana má skjóta til héraðsnefndar og skal gera það skriflega innan ársloka. Héraðsnefnd leggur síðan á næsta fundi fullnaðarúrskurð á málið.

Hafi fjallskil ekki verið greidd fyrir 15. desember, falla á þau dráttarvextir á sama hátt og útsvör. Fjallskilagjöld eru aðfararhæf.

Enginn sá sem fjallskil eru lögð á getur komist hjá að inna þau af hendi fyrir eindaga, þótt hann hafi kært yfir þeim og lagt það mál undir úrskurð.

Ef héraðsnefndin lækkar fjallskilin skal endurgjalda gjaldþegni það er hann hafði greitt fram yfir þá upphæð er sveitarstjórnin gerði honum að greiða.

11. gr.

Um undirbúning fjallskila.

Sveitarfélög á Skeiðum og í Flóa skulu vera eitt afréttarmálafélag, eins og verið hefur, og mynda oddvitar sveitanna eða fulltrúar kjörmir af þeim stjórn þess.

Stjórn þess heldur afréttarmálafund í ágústmánuði ár hvert og oftast ef þurfa þykir. Skulu fjallkóngar mæta á fundinum. Í stað oddvittanna má þó senda aðra menn sem hlutaðeigandi sveitarfélag kýs. Boða skal oddvita Hrunamanna- og Gnúpverjahreppa á fundinn. Verkefni afréttarmálafundar eru:

- a. Að kjósa tvo menn, formann og gjaldkera. Skal formaður boða til funda í félaginu.
- b. Að ákveða tölu fjallmanna og útvega menn til þeirra starfa sem sveitarstjórnirnar taka ekki að sér að sjá um.
- c. Gera áætlun um kostnað við smölun afréttarins, hirðingu fjár í útréttum, viðhald rétta og afréttagirðinga o.fl.
- d. Jafna niður kostnaðinum, sbr. 10. gr., b- og c-liði. Þegar fjallskilum hefur verið jafnað niður milli sveita skulu oddvitar greiða til gjaldkera niðurjafnað gjald, að svo miklu leyti sem það er ekki innt af höndum í fjallskilum. Skal greiðsla koma til gjaldkera fyrir 31. desember ár hvert.

12. gr.

Um fjallkóna.

Hreppsnefndir og/eða stjórn afréttarmálafélags ráða fjallkóna eða umsjónarmenn leitanna, einn eða fleiri, eftir því sem hagar á hverjum stað, og getur enginn sem til þess er fær skorast undan slíkum starfa. Fjallkóngar fara eftir fyrirskipunum sveitarstjórna, það er þær ná, en í afrétti hafa þeir öll ráð og umsjón á hendi um allt er að leitunum lýtur. Þeir skipa í leitir og stjórna leitum og rekstri fjárins til rétta. Þeir hafa og, með ráði sveitarstjórna og hreppstjóra, umsjón við réttarhöldin í aðalréttum. Ef menn sýkjast í fjallleitum, ef slyss verða, ef óvenjulegar hættur koma fyrir eða einhvern vanda ber að höndum, ráða fjallkóngar hvað til bragðs skuli taka, með ráði þeirra fjallmanna sem þeir treysta best. En eigi bera fjallkóngar ábyrgð á ráðstöfunum sínum nema varði við lög. Rétt er að fjallkóngar fái þóknun af sveitarsjóði eða fjallskilasjóði. Hreppsnefndir eða fjallkóngar ráða aðra umsjónarmenn við fjallsöfn, eftir því sem á stendur, og hafa þeir sömu skyldur og völd sem fjallkóngar, það sem verkahringur þeirra nær. Ef fjallkóngur eða leitarforingi fatlast svo í leit að hann getur ekki tilnefnt mann í sinn stað, þá kjósa leitarfóringur annan. Ef ágreiningur verður þá ræður afl atkvæða og er sá rétt kjörinn sem fær flest atkvæði.

13. gr.

Um fjallmenn.

Sérhver maður sem sendur er í fjallleitir þarf að vera með fullri heilsu og verkgreind og vel útbúinn að öllu leyti. Á fjallskilafundinum eða fyrir fjallferð skulu allir þeir, sem menn eiga að leggja til fjalleita, segja til um hvern mann þeir láti fara. Segir þá fjallkóngur til ef sá maður þykir eigi gildur, en sveitarstjórn sker úr ef á greinir. Vilji hlutaðeigandi ekki láta duglegri mann, ef kostur er á að fá hann, þá kaupir sveitarstjórn fjallmann á hans kostnað.

14. gr.

Um skyldur fjallmanna.

Skylt er hverjum fjallmanni að vera þar í leit, sem fjallkóngur skipar honum, sé hann til þess fær, og smala vandlega svæði það er hann skal leita. Skylt er fjallmönnum að sýna fjallkóngi sínum og öðrum þeim sem yfir þá eru skipaðir, tregðulausa hlýðni í öllu því er þeir geta. Geri þeir sig seka í óhlýðni eða einhverju ósæmilegu framferði, þá getur fjallkóngur, með ráði fjallmanna sinna, gert þá ræka. Er þá svo á að líta sem hlutaðeigandi bóndi hafi engin fjallskil gert. Komi þetta fyrir borgi sá, er slíkan mann hefur sent, fjallskilin fullu verði.

IV. KAFLI

Um fjalleitir.

15. gr.

Um skyldu til fjalleita.

Skylt er hverju sveitarfélagi að láta fara fram tvær leitir á afrétti sínum á hverju hausti: Fjallsafn og eftirsafn.

Nú leikur grunur á að fé sé eftir á afrétti að eftirsafni loknu og getur þá hreppsnefnd eða stjórn afréttarmálafélags látið fara fram eftirleit á kostnað hlutaðeigandi fjallskilasjóðs.

16. gr.

Um tilhögun á fjalleitum.

Ekki má breyta til um leitir nema hlutaðeigandi hreppsnefndum eða afréttarmálafélagi, sbr. 11. gr., þyki ástæða til, en þó mega þær breytingar eigi koma í bága við samþykkt þessa né við hagnuni annarra sveitarfélaga. Svo skal leitum hagað, þar sem því verður við komið, að sem minnstar misgöngur verði afrétta á milli.

17. gr.

Um leitartímann.

Í leitir skal farið svo snemma að leitarmenn, að öllu stórforfallalaus, verði komnir í aðalréttir og skilaréttir á þeim tíma, þá er þær á að halda.

18. gr.

Um leitarsvæði.

Þá staði skal leita sem að fornu hafa verið, en þó má leita víðar ef hlutaðeigandi sveitarstjórnir telja þess þörf, og er enda skylt ef víðar er von kindastöðva.

19. gr.

Um samsmölun Gnúpverja, Skeiða- og Flóamanna.

Landið fyrir innan Fjórðungssand og Norðurleitina, milli Dalsár og Kisu, smala Skeiða- og Flóamenn sameiginlega með Gnúpverjum. Tölu fjallmanna á þessu svæði ákveður afréttarmálafundur, sbr. 11. gr., í samráði við Gnúpverja, enda kosti þeir hana að jöfnum hlutum. Á þessu svæði stjórna Gnúpverjar leitum. Á sama hátt kosta Skeiða- og Flóamenn á móti Gnúpverjum eftirsafnið í heild að 1/4 hluta.

20. gr.

Um meðferð á annkrömuðu fé.

Þá er veikt fé eða annkramað finnst í fjalleitum, skulu þeir er fjallkóngur ákveður, koma því lifandi til byggða, ef unnt er. Að öðrum kosti skal farga því þegar í stað og dysja. Sé minnsti grunur um smitsjúkdóma í fé, skal ekki flytja það með öðru fé, og kalla skal dýralækni til eins fljótt og kostur er.

21. gr.

Um mörkun dilka á afréttum og í heimalöndum.

Hver sá sem fjallskil innir af höndum, hvort heldur við smölun afrétta eða heimalanda, skal leitast við að handsama svo fljótt sem verða má, ómerkinga sem vart kann að verða og auðkenna þá ef þeir fylgja móður.

22. gr.

Um björgun og bjarglaun.

Nú verður vart fjár í ógöngum, og er þeim þá skylt er sér, að tilkynna það oddvita viðkomandi sveitarfélags og/eða formanni afréttarmálafélags. Skal hann þá leitast við að fá færa menn til að bjarga fénu, ef fært þykir. Sé björgun óframkvæmanleg eða of hættuleg að dómi björgunarmanna, er skylt að skjóta féð sé það unnt.

23. gr.

Um leitarmannahús.

Svo skulu vera mörg hús til skýlis fjallmönnum á afrétti hverjum og svo útbúin, sem vanir fjallmenn og aðrir kunnugir menn álíta nauðsynleg. Sveitarstjórnir og/eða stjórn afréttarmálafélags annast um byggingu og viðhald húsa og skal sá kostnaður sem af því leiðir tekinn úr fjallskilasjóði eða leitað verði til sveitarsjóða þeirra sveitarfélaga sem afréttinn eiga. Hver sem um hús gengur skal loka því tryggilega er hann fer þaðan. Ef það verður sannað á einhvern að hann hafi gengið hirðuleysislega um hús, eða skemmt það á einhvern hátt, án brýnna nauðsynja, skal sá hinn sami bæta það að fullu.

V. KAFLI

Um réttir og réttarhöld.

24. gr.

Um skiptingu á réttum.

Réttir (lögréttir) eru þrenns konar: 1. aðalréttir, 2. skilaréttir og 3. aukaréttir. Aðalréttir eru þær sem rekin eru til fjallsöfn úr fyrstu leit. Skilaréttir eru þær sem rekin eru til eftirsöfn eða fjársöfn úr fleiri hreppum. Aukaréttir eru þær sem rekin eru til fjársöfn úr smölunum í hverri sveit, og skal sveitarstjórn sjá um byggingu og viðhald þeirra.

25. gr.

Aðalréttir og skilaréttir.

Aðalréttir og skilaréttir eru: Fyrir Þingvallasveit austan vatna og girðinga, Grímsnes-hrepp og Laugardalshrepp: Kringlumýrarrétt. Fyrir Grímsneshrepp: Klausturhólaréttir. Fyrir Laugardalshrepp: Efstadalsrétt og Laugardalsrétt. Fyrir Biskupstungnahrepp: Tungnaréttir og Hlíðarétt. Fyrir Hrunamannahrepp: Hrunaréttir. Fyrir Gnúpverjahrepp: Skaftholtsréttir. Fyrir Skeið og Flóa: Reykjaréttir.

Aukaréttir eru: Fyrir Þingvallasveit: Miðfellsrétt. Fyrir Grímsneshrepp að Klausturhólum. Fyrir Biskupstungnahrepp í Tunguréttum. Fyrir Hrunamannahrepp í Hrunaréttum. Fyrir Gnúpverjahrepp í Skaftholtsréttum, Skeiðahrepp í Reykjaréttum, Villingaholtshrepp hjá Dalsmynni, Gaulverjabæjahrepp hjá Gaulverjabæ, Hraungerðishrepp að Skeggjastöðum, Sandvíkurhrepp og Selfoss að Litlu-Sandvík, Stokkseyrarhrepp í skilarétt syðst í Stokkseyrarmýri og Eyrarbakkahrepp í skilarétt í landi Einarshafnar.

26. gr.

Um viðhald á réttum.

Viðhald aðalréttanna skal kostað af sjóðum viðkomandi sveitarfélaga. Til þess að réttir séu í góðu ástandi heyrir, að þær séu nægilega rúmgóðar og löglegar, veggir vel stæðilegir og nægilega háir, og að ekki standi vatn í þeim, þótt rigningar gangi, sér í lagi ekki í almenningsréttinni, svo og að þar sé í nánd nothæft vatnsból. Dilkar séu einig í sama standi. Grind sé í almenningsdyrum og hurð á öllum dilkdyrum. Við hverjar aðalréttir og skilaréttir skulu utansveitarmenn, þeir er eiga þar fjárvon, eiga dilka, rúmgóða og vel úr garði gerða. Skemmdir á réttum varða bótum og sektum. Verði ágreiningur um not dilka, skal hreppsnefnd eða stjórn viðkomandi fjallskilafélags skera úr.

27. gr.

Um réttatímann.

Aðalskilaréttir skulu fara fram að fjallsafni loknu sem hér segir:

Fyrir Þingvallahrepp austan vatna og girðinga, Laugardal og Grímsneshrepp: Kringlumýrarrétt á mánudegi á tímabilinu 13.-19. september.

Fyrir Grímsneshrepp: Klausturhólaréttir á miðvikudegi á tímabilinu 15.-21. september.

Fyrir Laugardalshrepp: Efstadalsrétt á mánudegi á tímabilinu 13.-19. september og Laugarvatnsrétt daginn eftir.

Fyrir Biskupstungnarétt: Tungnaréttir á laugardegi á tímabilinu 11.-17. september og Hlíðarétt á laugardegi viku síðar.

Fyrir Hrunamannahrepp: Hrunaréttir á föstudegi á tímabilinu 10.-16. september.

Fyrir Gnúpverjahrepp: Skaftholtsréttir á föstudegi á tímabilinu 10.-16. september.

Fyrir Flóa og Skeið: Reykjaréttir á laugardegi á tímabilinu 11.-17. september.

Önnur skilaréttir í Tungnaréttum og Reykjaréttum skal fara fram að eftirsafni loknu að morgni sunnudags hálfum mánuði eftir aðalskilaréttir, en í Hrunaréttum og Skaftholtsréttum degi áður. Stjórn fjallskilafélags er heimilt að seinka skilaréttardegi ef þannig stendur á.

Stjórn afréttarmálafélags og hreppsnefndum er heimilt að láta taka fé frá afréttar-girðingu fyrir tilsettan leitartíma, ef stjórnin eða hreppsnefnd telur það nauðsynlegt.

28. gr.

Um smölun til rétta.

Smala skal vandlega heimalönd allra jarða fyrir aðra skilarétt og koma úrgangsfé til rétta. Smölun fer fram daginn fyrir aðra skilarétt.

29. gr.

Um réttun afréttarjár og byggðasafna.

Undir eins og fé kemur af afrétti skal rétta því:

1. Aðalsafni af afréttum Þingvellinga austan vatna og girðinga í Kringlumýrarrétt fyrst, en síðan í Klausturhólaréttum, sbr. 27. gr.
2. Aðalsafni af afrétti Laugdæla í Efstadalsrétt fyrst en síðan í Laugarvatnsrétt.
3. Aðalsafni af afrétti Biskupstungnahrepps í Tungnaréttum.
4. Aðalsafni af afrétti Hrunamannahrepps í Hrunaréttum.
5. Aðalsafni af afrétti Gnúpverjahrepps í Skaftholtsréttum ásamt safni úr austurleit Skeiða- og Flóamanna. Þó má réttun austurleitarsafnsins ekki taka lengri tíma en tvær klukkustundir.
6. Aðalsafni af afrétti Skeiða- og Flóamanna í Reykjaréttum.
7. Eftirsmölun af afrétti Þingvellinga austan vatna í Miðfellsrétt.
8. Eftirsmölun af Lyngdalsheiði og annar úrgangur í Klausturhólarétt.

9. Eftirmöðlun af afrétti Biskupstungnahrepps í Tungnaréttum.
10. Eftirmöðlun af afrétti Hrunamannahrepps í Hrunaréttum.
11. Eftirmöðlun af afréttum Gnúpverja, Skeiða- og Flóamanna, ásamt byggðasafni Gnúpverja, fyrst í Skaftholtsréttum en síðan í Reykjaréttum.
Á sama hátt skal rétta því fé, er sótt kynni að vera til afréttar fyrr en á venjulegum tíma, sbr. 27. gr.

Austurleit Skeiða- og Flóamanna er áskilin rekstrarleið fyrir fjallsafnið niður með Pverá um Fossnes, á Þjóðveginn, þar sem skemmst er og minnst til baga.

30. gr.

Um dráttarskyldu í réttum.

Skykt er hverjum fjáreiganda, eða þeim sem á fjárvon í réttum, að hafa þar nægilega marga menn til að draga fé sitt, bæði í aðalréttum og skilaréttum, og hirða þar að loknum réttum það fé er þeir eiga.

31. gr.

Um lögreglu í réttum.

Allir sem til þess eru kvaddir að sjá um að draga og hirða fé í réttum, skulu vinna að því verki trúlega og kappsamlega, en ekki mega þeir draga meðan inn er rekið. Allir sem í réttir koma skulu hegða sér þar siðsamlega á allan hátt og engar óspektir gera, svo og varast að tefja þá sem þar eiga að starfa að því að hirða féð, nema brýna nauðsyn beri til.

Fjallkóngar í aðalréttum og hreppsnefndir, eða þeir hreppsnefndarmenn sem sérstaklega hafa slíkt á hendi, skulu sjá um að allt er lýtur að hirðingu fjárens fari fram með reglu, en önnur umsjón hvílir á lögreglu og hreppstjórum.

32. gr.

Um úrgangsfé úr réttum.

Úrgangsfé úr öllum réttum láta hlutaðeigandi hreppstjórar slátra í sláturhúsi, þegar að loknum réttum.

33. gr.

Um ómarkað sauðfé í réttum.

Ómerkinga alla er koma af afréttum eða sem koma fyrir í byggð, skal reka til allra lögrétta. Þar skal vera til sérstök rétt til þess að draga þá í. Réttarbændur skulu gæta þeirra á meðan á réttum stendur, nema öðruvísi sé um samið. Gera skal þar með umsjón hreppstjóra tilraunir til þess að lambamæður helgi sér ómarkaða dilka. Þeim ómerkingum, eldri sem yngri, sem enginn getur helgað sér eða sannað eignarrétt sinn á með óbrigðulum einkennum, skal slátra í sláturhúsi að loknum réttum og rennur andvirðið í fjallskilasjóð, nema öðruvísi sé um samið. Um kalineyrt fé fer sem annað óskilafé, og sömuleiðis um ómerkinga er koma fyrir eftir veturnætur.

VI. KALFI

Um fjármörk og marklýsingar á óskilafénaði.

34. gr.

Um fjármörk.

Til þess að geta sannað eignarrétt sinn á fénaði þurfa eigendur að hafa lögheimil mörk á honum. Fjármörk eru: Eyrnamörk, brennimörk og plötumerki. Eyrnamörk skulu vera á öllu fé, en plötumerki og brennimörk því aðeins að eigendur vilji.

Erfðamark gengur fyrir gjafamarki, gjafamark fyrir kaupamarki og kaupamark fyrir gerðarmarki, sbr. 68. gr. laga nr. 6/1986. Öll eyrnamörk í sýslunni skal rita á skrá og prenta hana svo oft sem landslög ákveða. Annast héraðsnefnd um það og tekur borgun fyrir hvert

mark er hún telur að nægja muni fyrir útgáfukostnaði. Rennur það í héraðssjóð, en hann ber kostnaðinn af prentun skrárinnar. Allir fjáreigendur skulu hafa sýslubrennimark og hrepps-brennimark á fé sínu, eftir því sem héraðsnefnd segir fyrir um, og lætur hún prenta þau í markaskránni. Skal hver fjáreigandi hafa brennimerkt hverja hyrnda kind, áður en henni er sleppt eftir hinn fyrsta vetur sem hún er fóðruð, með brennimerki þess hrepps sem hann býr í. Ekki má taka upp mörk né auglýsa mörk þeirra sem flytja inn í sýsluna, án leyfis héraðsnefndar eða þess manns er hún setur til að hafa umsjón með mörkum milli þess að markaskrá er prentuð. Lætur markavörður auglýsa mörkin í Lögbirtingablaði gegn hæfilegu gjaldi frá markeiganda.

35. gr.

Um markalýsingar.

Hreppstjórar skulu semja markalista yfir allt það óskilafé sem þeir hafa látið slátra á hausti og ekki spurst til eiganda að. Markalistann senda þeir til markavarðar sem héraðsnefndin hefur tilnefnt, en hann annast um að markalistinn sé birtur í einu lagi í Lögbirtingablaðinu, eigi síðar en fyrir árslok.

36. gr.

Um meðferð á óskilahrossum.

Almenn hrossasmölun skal fara fram laugardaginn í 5. viku vetrar og óskilahrossum réttað í aukarétt hvers hrepps. Þau hross sem ekki ganga þar út skal hreppsnefnd setja í gæslu gegn hæfilegri þóknun er greiðist af eiganda þeirra eða andvirði. Hreppstjóri skal þegar skrifa upp mörk á þeim og senda í þá hreppa sem helst geta verið líkur til að hrossin séu úr. Séu þau ekki gengin út eftir þrjár vikur skal hreppstjóri selja þau við almennt uppboð er auglýst sé í víðlesnu blaði með nægilegum fyrirvara. Að sölu lokinni lýsir hreppstjóri þeim í Lögbirtingablaði með lit, auðkennum og marki, ef mörkuð eru. Þau óskilahross sem finnast kunna á öðrum tíma árs og eigandi þekkist ekki að, eða hirðir ekki um, þótt þekktur sé, má afhenda hreppsnefndinni til ráðstöfunar, og lætur hún ef henni svo sýnist, fara með þau sem önnur óskilahross.

Um andvirði óskilahrossa sem enginn getur helgað sér, innan þess tímamarks sem ákveðið er í 38. gr., fer á sama hátt og andvirði óskilafjár.

37. gr.

Um innlausnarrétt og andvirðisgreiðslu óskilafjár.

Tólf vikna innlausnarfræstur er á seldum hrossum, en enginn á sauðfé. Hross falla eiganda meðan útlausnarfræsturinn stendur yfir. Andvirði sauðfjár og hrossa fá eigendur allt að 10 mánuðum frá sláturdegi sauðfjár og söludegi hrossa, að frádregnum öllum kostnaði.

38. gr.

Um ómarkað fé og illa markað.

Eigi þarf að lýsa ómerkingum þeim sem fyrir koma eftir aðalréttir og skilaréttir, né heldur því fé sem er svo kalineyrt eða brunnið á eyrum, soramarkað eða að öðru leyti svo illa markað, að markglöggir menn geta ekki gert úr markinu, og skal því slátrað sem óskilafé. En gefi eigandi sig fram og geti glögglega sannað eign sína, fær hann hana eða andvirði hennar, að kostnaði frádregnum. Sama gildir um ómörkuð eða illa mörkuð hross sem sauðfé.

39. gr.

Um haustsmalanir.

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal almenn smölun fara fram í öllum sveitarfélögum og eigendur látnir vita um óskilafénað sem þeir skulu nálgast innan sólarhrings.

40. gr.

Um leifar andvirðis óskilafjár.

Andvirði óskilafjár, sem enginn getur helgað sér innan hins ákveðna tíma og eigi hefur gengið í marklýsingarkostnað, rennur í fjallskilasjóði hlutaðeigandi hreppa nema í Flóa og á Skeiðum. Þar skal óskipt andvirði óskilafjár, er á því svæði kemur fyrir, renna í sjóð Afréttarmálafélags Flóa og Skeiða.

VII. KAFLI

Um skil og meðferð á fénaði.

41. gr.

Um skil á fénaði.

Hverjum bónda ber að hreinsa vel heimalönd sín af öllum óskilum við hverja almenningsmölun og halda öllu fé annarra sem best til skila. Bregðist fyrirskipuð smölun hjá einhverjum, án þess að lögmæt forföll komi til, varðar það sektum. Verði einhver ber að því að smala illa heimalönd sín við almenningsmölun, hefur hreppsnefnd vald til að setja tilsjónarmann við smölun hans, eða þá að láta framkvæma hana, hvort tveggja á hans kostnað. Sé einhver svo mannfár að hann geti ekki af eigin rammleik smalað heimaland sitt, þá er boðið er, ber hreppsnefnd að útvega honum styrk til þess, ef fáanlegur er, á hans kostnað, nema því aðeins að sveitarfélagið vilji styrkja til þess ókeypis. Öll vísitandi vanskil á fénaði varða sektum, nema þau séu svo vaxin að þyngri refsing liggja við.

42. gr.

Um meðferð á fénaði.

Þess skal jafnan vandlega gæta hvenær sem fé er smalað eða rekið á milli, réttað eða geymt, að fara svo vel með féð sem framast er unnt, eigi handleika það eða kvola meir en þörf gerist, eigi láta það standa inni í sveltum nema sem skemmst, eigi láta vera of þröngt um það, né fara svo með það á annan hátt, sem getur hrjád það fram yfir þörf. Allar slíkar óþarfa pyntingar ber að meta sem illa meðferð á skepnum.

43. gr.

Um óþrif í fénaði.

Ef vart verður við einhver ískyggileg óþrif eða veikindi í fénaði, skal þegar taka það frá öðrum fénaði og tafarlaust tilkynna það dýralækni, ef hætta þykir á ferðum.

VIII. KAFLI

Almenn ákvæði.

44. gr.

Um úrskurðarvald.

Í öllum þeim atriðum sem eigi er minnst á í þessari reglugerð, en eru samkyns eða skyld að efni, skulu sveitarstjórnir ráða því er snertir þeirra eigin sveitarfélög, þó svo að það komi ekki í bága við landslög eða samþykkt þessa, né skerði skýlausan rétt annarra sveitarfélaga. Bera skulu sveitarstjórnir þau atriði er að þessu lúta, og þær hafa ástæðu til

að ætla að almenning varði, undir sveitunga sína, og ber þeim að taka sem mest tillit til óska almennings, ef þær eru á rökum byggðar, en skera verða sveitarstjórnir úr sjálfar ef á greinir.

Héraðsnefnd ræður í þeim atriðum er hagsmunir tveggja sveitarfélaga eða fleiri koma í bága hver við önnur. Þá getur hún veitt leyfi til að hér að lútandi mál, sem að lögum skal bera undir hana, séu lögð í gerð.

45. gr.

Um viðurlög.

Brot gegn ákvæðum samþykktar þessarar varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sektarféð rennur í sveitarsjóð eða fjallskilasjóð þess hrepps eða fjallskilafélags sem brot er framið í. Ef brotið er framið á afrétti, skal líta svo á sem brotið sé í þeirri sveit eða sveitum sem afréttinn eiga.

46. gr.

Gildistaka.

Fjallskilasamþykkt þessi, sem héraðsnefnd Árnassýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin fjallskilareglugerð nr. 380/1975 fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) og þær jarðir í Biskupstungnahreppi sem liggja sunnan Hvítár í Árnassýslu og Fjallskilareglugerð nr. 163/1979 fyrir hreppana vestan Hvítár og Ölfusár í Árnassýslu.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akraness eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi:

Gangbrautir verði yfir akbrautir á eftirtöldum stöðum:

1. Þjóðbraut. móts við lóð P.P.P.
2. Dalbraut, móts við lóð Akranesveitu.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akranesi sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Akranesi, 16. júlí 1996.

Kristrún Kristinsdóttir, fulltrúi.